

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir, Oddur Örnólfsson

Fundur 22.06.2020 settur kl. 18.30.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Mót og starfsemi

- a. Kynntur var rammi af atburðadagatali fyrir sundárið 2020 – 2021.
 - a. Þarf að skoða hvernig Íslandsmótaröðin kemur inn í atburðadagatal.
 - b. -----
 - c. Sundþing sett á dagatal helgina 17-18. apríl 2021.
- b. Lágmrök og viðmið eru í vinnslu og verða tilbúin eigi síðar en 15. ágúst.
- c. Akranesleikar fóru fram helgina 12. – 14. júní. Mótið gekk mjög vel og almenn ánægja með mótið og almennt góðar bætingar.
- d. Landsbankamót ÍRB fór fram helgina 19. – 20. júní. Mótið gekk vel og sundmenn voru vel stemmdir.
- e. AMÍ fer fram í Ásvallalaug daganna 3. – 5. júlí. Frestur til staðfestingar á þáttöku er í dag 22. Júní.
- f. ÍM50 verður haldið í Laugardalslaug dagana 17. – 19. Júlí. Tveir Danir hafa skráð sig til þátttöku og hópur frá Færeyjum er að skoða með þátttöku.
- g. Hollenska landsliðið í sundi hefur óskað eftir að koma til landsins í þrjár vikur til æfinga í september. Endanlegt svar frá þeim kemur um miðjan júlí, en búið er að undirbúa komu þeirra ef af verður. Skoðað verður með að íslenskt afreksfólk nái að æfa með þeim.
- h. Stjórn SSÍ samþykkir að stuðst verði við tölur frá desember við greislu þjónustugjalda fyrri hluta árs 2020 þar sem 11 félög hafa enn ekki skilað inn tölum. ÍSÍ gaf frest á skilum í Felix til 1. júní.

3. Fundargerðir nefnda

Fundargerð dómaranefndar nr. 99 frá 02.06 2020 ásamt fylgiskjölum
Umræða

4. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir				

5. Staðfesting meta

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðásson	SH	1:00:71	19.06.2020	Reykjanesbær

6. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 12.06.2020	Umsókn um AMÍ 2021	-----
b. 08.06.2020	Letter of information – Return to training	Fina
c. 20.06 .2020	Skýrsla aga- og siðanefndar um 3 mál	Aga og siðanefnd

6. Önnur mál

- a. Rætt um réttindi transbarna í sundi. Framkvæmdastjóri sendir erindi á FINA og LEN vegna málsins.
- b. Þrjú erindi hafa borist aga- og siðanefnd. Fulltrúar aga- og siðanefndar kynntu niðurstöður nefndarinnar. Tengdir aðilar héldu sig til hlés í umræðunni. Framkvæmdastjóri sendir niðurstöður nefndarinnar til málsaðila.
- c. Rætt um mótahald og þá stöðu sem kom upp s.l helgi þegar að tvö mót voru haldin samtímis. Stjórn er sammála um að skerpa þurfi á reglum varðandi mótahald almennt með vísun í bókun undir lið 2. e á síðasta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 20:30